

1861.
20. septbr.

67. Um boðsskrá handa Tscherning ofursta, Oddgeiri Stephensen, etazráði og stjórnardeildarforingja, Bjerring, prófessor, Nützhorn kanselíráði og skrifstofuforstjóra, og Jóni Sigurðssyni skjalaverði, um að þeir gangi í nefnd til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins.

Fríðrik hinn sjöundi o. s. frv.:

Vita skuluð þér, Vor elskulegi herra Anton Fríðrik Tscherning, ofursti, riddari dannebrogssorðunnar, Vor elskulegi herra Oddgeir Stephensen, stjórnardeildarforingi, Vort etazráð, riddari dannebrogssorðunnar, Vor elskulegi herra Vilhelm Jakob Bjerring, prófessor, riddari dannebrogssorðunnar, Vor elskulegi Karl Ludvig Vilhelm Römer Nützhorn, skrifstofuforstjóri og stjórnardeildarskrifari í innanríkisstjórninni, Vort kanselíråd, og herra Jón Sigurðsson, skjalavörður, riddari dannebrogssorðunnar, að með sérstaklegu tilliti til, sumpart að fjárhagsnefnd fólksþingsins optar en einu sinni hefir látið í ljósi þá ósk, að fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins verði skipað á hagkvæmari og tryggilegri hátt en nú er, og einkum á þann hátt, að alþingi geti öðlazzt ályktunarvald um tekjur og gjöld Íslands, jafnvel þó nauðsyn kynni verða að greiða af fê konungsríkisins um vissa áratölu fast ákveðið tillag, sumpart, að áþekk ósk hefir fram komið af hálfu alþingis, er þingið í þegnlegri bænarskrá 14. ágústmánaðar 1857 hefir beðið um, að alþingi verði allra mildilegast veitt ályktanda vald, hvað tekju- og útgjaldaáætlun Íslands snertir, en að úr ríkissjóði verði greitt til landsins ákveðið árlegt tillag um tiltekna áratölu, þá hefir oss allramildilegast litizt að skipa nefnd manna, er hafi það ætlunarverk á hendi, að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt.

Það er því allramildilegastur vilji Vor og skipan, að þér hagið yður þannig, að þér í þessum tilgangi gangið í nefnd, og felum Vêr þér, Tscherning, allramildilegast á hendur að vera

formaður í henni; eigið þér að senda dómsmálastjórn Vorri 1861.
 álitsskjal yðar og uppástungur. 20. septbr.

Eptir þessu eigið þér yður þegnlega að hegða. Felandi
 yður guði!

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
 20. dag septembermánaðar 1861.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildlegustu boði hans hátignar konungsins.

Casse.

68. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 24. septbr.
 valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýð-
 ing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, há-
 æruverðugi herra, dagsettu 13. júnímán. þ. á., hefir kirkju-
 og kennslustjórnin veitt Pètri prófessor Péturssyni og Sigurði
 Melsteð, prestaskólakennara í Reykjavík, 200 ríkisdala styrk til
 að gefa út þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og
 til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess
 getið, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að
 greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 26. septhr.
 valdanna á Íslandi, um réttan skilning á fjár-
 lögunum.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverð-
 ugi herra, með bréfi 1. málm. þ. á., senduð hingað reikning
 yfir gjöld hins lærða skóla í Reykjavík, fjárhagsárið 1860–61,
 skýrðuð þér frá, að ýms gjöld hafi greidd verið fram yfir
 þá upphæð, er fjárlögin heimila fyrir hvern gjaldlið; og hafið